

Fiskvinnslan Íslandssaga – hlutastarf

Fiskvinnslan Íslandssaga leitar að hressum, áreiðanlegum og ábyrgum starfskrafti til að sinna almennu bókhaldi og skrifstofustörfum. Starfið er hlutastarf og vinnutími er eftir hádegi en getur verið sveigjanlegur ef þess er óskað.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af bókhaldi og fjármálum auk þess að geta sinnt ýmsum öðrum tilfallandi verkefnum á skrifstofu. Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsynleg ásamt því að viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt.

Íslensku kunnátta er skilyrði.

Helstu verkefni:

- Færsla launa og fjárhagsbókhalds
- Afstemmingar
- Innkaup á hráefni
- Ýmis önnur verkefni

Fiskvinnslan Íslandssaga hvetur alla þá sem áhuga hafa að sækja um þetta skemmtilega starf.

Umsóknarfrestur er til og með 17 des 2021.

Vinsamlega sendið umsókn eða fyrirspurn á netfangið elisabet@icelandicsaga.is eða hringja í síma 456-6302.

